



Fundargerð

Fimmtudaginn 7. febrúar 2013 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofunni á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Brynjar Bjarkason settur félagsmálastjóri. Guðjón Ólafsson fræðslustjóri sat fundinn undir 1. dagskrárlið og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir sat fundinn undir 3. dagskrárlið.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Dreifnám

Guðjón Ólafsson fræðslustjóri gerði grein fyrir því verkefni sem unnið er að vegna dreifnáms. Í minnisblaði sem hann lagði fram á fundinum kom fram ferill málsins allt frá því umræður hófust um það haustið 2011.

Ágúst Þór greindi frá því að í sóknaráætlun hefur verið samþykkt að styðja sérstaklega við verkefni sem tengist ungu fólki. Stuðningur við dreifnámið falli því undir þessa stefnumótun. Fram kom að allar sveitarstjórnir í A-Hún hafa fengið tillögu þess efnis að stofnað verði framkvæmdaráð um dreifnámið sem hafi það verkefni að annast allan undirbúning að því að dreifnám geti hafist á Blönduósi haustið 2013. Skipunartími framkvæmdaráðsins verði til næstu sveitarstjórnarkosninga vorið 2014. Hvert sveitarfélag skipi einn fulltrúa og einn til vara en auk þess vinni fræðslustjóri með framkvæmdaráðinu. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir að framkvæmdaráðið heyri undir Félags- og skólaþjónustu A-Hún. og að framkvæmdaráðið leggi fram fjárhagsáætlun fyrir verkefnið sem stjórn félags- og skólaþjónustunnar staðfesti eftir umsögn einstakra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjársýsla vegna verkefnisins verði í höndum félags- og skólaþjónustunnar. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fyrrgreint fyrirkomulag fyrir sitt leyti.

Guðjón greind frá stöðu verkefnisins og að það sé allt unnið í nánú samstarfi við FNV sem muni ráða starfsmann til að annast það ef af verði. Fram kom að fjármögnun hefur verið tryggð til að reka dreifnám fyrsta árið. Stefnt er að því að framkvæmdaráðið hitti menntamálaráðherra til að beita sér fyrir því að tryggja fjármuni til dreifnámsins til framtíðar. Næstu verkefni séu að vinna grunninn að náminu bæði með því að vinna foreldra og tilvonandi nemendur til fylgis við hugmynd um dreifnám heima í héraði. Umræður urðu um málið en ekki gerðar sérstakar athugasemdir við stöðu og horfur málsins.

2. Starfsmannahald

Stjórn fór yfir breytingar á starfsmannahaldi og kom m.a. fram að Brynjar Bjarkason sem verið hefur yfirmaður sambýlis hefur verið settur félagsmálastjóri í fjarveru Auðar H. Sigurðardóttur frá 1. febrúar sl. en þá hófst orlof Auðar sem mun standa til 1. maí nk. . Stjórn staðfesti þá breytingu og að Brynjar hafi fullt umboð félagsmálastjóra. Brynjar greindi frá stöðu mála í starfsmannahaldi og kom m.a. fram að ekki hefur verið gengið frá ráðningu forstöðumanns sambýlis enn.



Fram kom að Brynjar muni fara í fæðingarorlof 1.05 – 26.08. Gert er ráð fyrir að Sigrún Líndal komi úr fæðingarorlofi 1. maí nk. Ragnildur Haraldsdóttir hafi verið ráðin í tímabundin verkefni á skrifstofunni en hefur verið í með afleysingar á sambýlinu.

3. NPA samningur

Fyrir fundinum lá minnisblað sem hann hafði tekið saman um NPA samninga sem gerðir eru við fatlaða einstaklinga. Gréta Sjöfn lagði einnig fram og kynnti minnisblað um helstu atriði NPA samninganna og hvernig þeir kæmu inn í samninga um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

Í minnisblöðunum báðum kemur m.a. fram að NPA er tilraunaverkefni sveitarfélaga á Íslandi sem gildir frá september 2012-december 2013. Allir þeir sem falla undir málaflokk fatlaðs fólks geta sótt um NPA. Þjónustufyrirkomulagið tekur til allra þátta sem fela í sér þjónustu við fatlað fólk en sérstaka áherslu á þætti sem geta stutt notanda til sjálfstæðs lífs. Ef einstaklingur kys að fara NPA leiðina þá á hann ekki rétt á öðrum almennum þjónustubáttum hjá félagsþjónustu.

Í minnisblaði GSG kemur einnig fram að það sé valkvætt fyrir sveitarfélög að taka þátt í verkefninu og að þjónustuhópur um málefni fatlaðra hafi á fundi 18. apríl sl lagt til að sveitarfélög á þjónustusvæðinu taki þátt í verkefninu. Stjórn SSNV samþykkti á fundi 5. Júlí sl. að byggðasamlag um málefni fatlaðra myndi verða þátttakandi í verkefninu.

Á þjónustusvæði Fél A Hún hafa borist 2 umsóknir um NPA

Miklar umræður urðu um fjárhagslega meðferð NPA styrkja og hvernig fjárhagsáætlun standist sem og hvert verði framlag Byggðasamlags um málefni fatlaðra.

Umræður urðu um málefni fatlaðra almennt.

4. Sæborg:

a) Ráðningarsamningar

Magnús B. greindi frá því að Jökulrós Grímsdóttir hafi nú lokið hjúkrunarnámi og lagt fram gögn þar að lútandi. Vegna þeirrar breytingar þurfi að gera nýjan samning við hana sem kveður á um önnur laun og jafnfram verði gengið frá öðrum launabáttum í ákveðnari farveg en verið hefur.

Stjórn samþykkti að fela Magnúsi að ganga frá nýjum ráðningasamningi í anda þess sem kynnt var á fundinum.

b) Verklagsreglur um akstur vistmanna

Fyrir fundinum lágu verklagsreglu um akstur með vistmenn sem stjórn hafði áður samþykkt óformlega.

Athugasemdir um málið og afgreiðsla á erindum tölvubréfa vegna þess var skráð í trúnaðarbók.

Fyrirliggjandi verklagsreglur voru samþykktar samhljóða.



5. Hnitbjörg

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af breytingum á kjallara Hnitbjarga sem Ágúst Hafsteinsson hjá Arkitektastofunni Form hafði unnið og kostnaðarmat á þeim breytingum. Stjórnarmenn yfirfóru teikningar og ræddu hvaða verkþætti væri um að ræða en í grundvallaratriðum er fyrirhugað að fjarlægja milliveggi og breyta eldhúsaðstöðu til að ná fram betri nýtingu á rýminu. Fram kom að gerðar hafa verið athuganir á rakaskemmdum í gólfi en ekki fundist einhlítar skýringar á þeim.

Samþykkt að ráðast í verkið samkvæmt fyrirbyggjandi uppdráttum og leita eftir samningi við Stíganda ehf um heildarverkið á forsendum þeirra gagna sem lágu fyrir. Jafnframt ákveðið að leita lausna á meintum vanda í fráveitu utan við húsið næsta vor.

6. Bréf HSB vegna Ískrár, dags. 20.11.2012

Með bréfinu fer HSB þess á leit við Félags og skólaþjónustu A-Hún að samlagið beiti sér fyrir því að starfsmanni HSB sem sinnir skólahjúkrun verði útveguð viðunandi aðstaða í skólum héraðsins þannig að viðkomandi starfsmaður geti uppfyllt betur þær kröfur sem gerðar eru til starfans. Erindi bréfsins er að hluta til komið vegna innleiðingar svonefndrar Ískrár sem er rafræn skráning um heilsuvernd skólabarna á þjónustusvæði HSB. Bréfið var til kynningar en samþykkt að hvetja skólastjóra til að fara yfir stöðuna og leita lausna á málinu.

7. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.10

Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,

Vignir Sveinsson,

Brynjar Bjarkason

Magnús B. Jónsson

Guðjón Ólafsson